

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn á TEAMS 17. maí 2021 kl. 15.30

Mættir: Sigurður Steinar Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Þuríður Sigurrós Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Karen Hrund Heimisdóttir fulltrúi kennara, Hildur Ósk Smáradóttir 8. bekk, Ingunn Guðnadóttir 10. bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna í gegnum TEAMS. Gengið til dagskrár.

1. Skóladagatal næsta skólaárs 2021-2022
Skóladagatalið er hefðbundið með 180 nemendadögum. Eina nýjungin að 9. bekkur fer í Ungmennabúðir 25.-29. apríl 2022.
2. Skóladagur hefst kl. 8:15 næsta vetur
Skólastjóri tilkynnti að næsta vetur muni kennsla hefjast kl. 8:15 og verða þrjú tímasett í skólanum til þess að hægt verði að koma öllum í matsal í hádeginu þannig að þau yngstu borða klukkan 11:15, miðstigið klukkan 12:05 og unglingastigið klukkan 12:45-13:15. Fulltrúar í skólaráði tóku vel í þessar breytingar og töldu það vera til bóta að byrja skóladaginn seinna en nú er gert.
3. Önnur mál
 - Skólastjóri fór yfir samantekt á niðurstöðum skólaþings sem sendar voru með fundarboði. Skólaþingið fór fram í mars síðastliðinn. Nemendur bentu á margt sem þeir eru ánægðir með í skólanum, má þar nefna gott viðmót flestra starfsmanna í skólanum. Nemendur töldu að bæta megi umgengni a.m.k. sumra nemenda. Bentu nemendur á að auka megi kynfræðslu og fjármálafræðslu. Nú hefur verið aukið við þessa kennslu með því að bjóða uppá þessar tvær greinar í vali.
 - Rætt um notkun síma, símareglur og skólareglur sem þarf að endurskoða á næsta skólaári. Eftir er að taka samtalið um símamálin við foreldra.
 - Skólastjóri sagði fundinn vera síðasti fund skólaársins og þakkaði Þuríði fulltrúa foreldra og Ingunni fulltrúa nemenda fyrir góð störf í þágu skólans í skólaráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.00
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari